








Haukur í horni

Hann er alltaf á ferðalagi um sína eigin sál



Að kynnast fólki er nokkurs konar ferðalag inn í persónuleika þess, sem kynnast skal. Þegar þangað er komið þarf á skarpskyggni að halda til að koma auga á það, sem kynningin leiðir í ljós. Persónuleiki er viðkvæmur eða harður, blíður eða hrjúfur, sannur eða falskur, o.s.frv. Að lýsa fólki fyrir öðrum er svo ferðalag til baka og segja ferðasögu, nákvæmlega.

Að kynnast fólki getur tekið langan tíma, stundum samverustund, sem varir bróðurpart-inn af lífi einstaklinganna. En mannþekkjarinn leggur af stað í ferðalagið inn að persónunni þungvopnaður einhverju, sem aðrir hafa ekki. Hann kynnist fólki fyrr og ferðalag hans leiðir ávallt sannleikann í ljós; annars er hann ekki mannþekkjari.

Jón Kaldal á vinnustofu sinni í kringum 1960. Þetta var einn af þessum stöðum þar sem ekkert fannst, þegar tekið var til eða reynt að koma á reglu.

Ég hef aðeins lítillega kynnst Jóni Kaldal, en við kynni mín af myndum hans er ég þess full-viss, að hann er mannþekkjari af bestu gerð. Hann virðist ekki hafa þurft nema stuttan tíma atvinnuljósmyndarans í erli starfans til að komast inn að persónunni, litast um og skrifa kynni sín með hjálp ljóssins í silfur ljósnæmu þynnunnar, okk-ur hinum til skoðunar. Eftir stendur myndin, persónan ljós-lifandi og sönn, persónuleikinn allsnakinn.

Jón fæddist norður í Húnaþingi fjórum árum fyrir aldarsnúninginn. Hann nam ljósmyndun fyrst í Reykjavík en svo í heimsborg Íslendings þess tíma, kóngsins Kaupinhafn. Hann opnaði stofu hér heima 1925 með nýja myndavél, stærri en hann sjálfur. Hann notaði aldrei aðra.

Ljósnæma þynnan hans var á glerplötu og hann tók sjaldnast nema eina mynd af hverjum. Fyrir mér er þetta sem strang-asta ögun. Ögun eða beizli, sem enginn nema mikill listamaður getur lagt á sjálfan sig. Hann dettur ekki í gryfjuna til okkar hinna, sem eigum kraft okkar að miklu leyti falinn í tækjunum og dáumst jafnvel að þeim sem eiga mest og flest tækin.

Við að blaða í ágætu safni hans verður maður þess enn betur áskynja hversu næmur hann hefur verið á myndefnið. Frægur ljósmyndari sagði ljós-myndatæknina með öllu, sem henni fylgir vera aðeins fram-lenging eða útvíkkun á skynfær-um mannsins, sem kann með hana að fara. Þetta undirstrikar aðeins hæfileika Jóns Kaldal, mannþekkjarans.